



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Jöklaborg

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	8
4	Innra mat Hlíðar 2023-2024	11
5	Innra mat Hallar 2023-2024	12
6	Innra mat Sels 2023-2024.....	16
7	Innra mat Kots 2023-2024.....	17
8	Innra mat Bóls 2023-2024	20
9	Innra mat sérkennslu. Mat á sérkennslu 2023-2024.....	24
	Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025.....	24
5	Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	26
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	28
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	29
8	Foreldrasamvinna.....	30
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	30
10	Fylgiskjöl.....	32
	10.2 Umsögn foreldraráðs.....	32





Leiðarljós leikskólans

Gleði – Virðing – Sköpun

Lögð er áhersla á að gleði sé ríkjandi í starfi leikskólans. Viðurkennandi samskipti og að virðing sé borin fyrir hverjum einstaklingi. Að sköpun eigi sér stað í öllum námsþáttum skólans innandyrna sem utan.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2023 byrjaði vel og aðlögun barna gekk mjög vel á öllum deildum. Hugur var í starfsmannahópnum og margar hugmyndir sem starfsfólki langaði að framkvæma. Með haustinu fóru hins vegar nokkrir í veikindaleyfi og var það áhyggjuefni stjórnenda hvort það væri eitthvað í starfsumhverfi okkar sem hefði áhrif á það. Því starfsmenn voru varla komnir til baka þegar aðrir fóru í veikindaleyfi. Ástæður voru jafn misjafnar og þær voru margar. Við létum ganga úr skugga um að engan raka væri að finna í Jöklaborg og húsið og aðstæður í því væru heilsusamar. Mannekjan var því af öðrum sökum og litaði starfið okkar að stórum hluta vetrar og framkvæmdaglegið varð ekki eins mikil og hún leit fyrir að verða í upphafi. Undirrituð var þar engin undantekning og að auki leggst það þungt á stjórnendateymið sem og annað starfsfólk þegar við þurfum að fara í aðgerðir eins og faliðunaráætlun því við þekktum það frá fyrri vetri og töldum okkur komin út úr því. Þetta voru þó færri dagar en árin á undan en alltaf leitt að þurfa að fara í svona aðgerðir. Foreldrar hafa sýnt þessu ástandi mjög góðan skilning og er það þakkarvert.

Nokkrar starfsmanna breytingar eru að hausti. Starfsfólk sem hefur verið að taka sér hlé frá skóla ætlar að snúa sér aftur að náminu en mögulega verða einhver þó áfram hjá okkur í tímavinnu eða hlutastarfi.

Starfsmannakönnunin kom vel út. Starfsánægja er mikil og fólk ánægt og stolt af starfi sínu heilt yfir. Þeir þættir sem best komu út í könnuninni voru Jafnrétti, stjórnun, sveigjanleiki í vinnu og starfsandi. Við getum ekki annað en vel við unað og haldið áfram að gera okkar besta og þróa starfið okkar og rækta. Kennarar sem og allir starfsmenn eiga hrós skilið enn og aftur fyrir sveigjanleika og lausnamiðaða hugsun í starfi. Við erum farin að ganga meira í takt en áður og finnum fyrir því.

Sérkennsla jókst mikið og var með þyngra móti þennan vetur. Starfsfólk komst vel frá því og náði góðum árangri. Utanumhald var mjög gott hjá sérkennslustjóra og öllu sérkennsluteyminu. Framundan næsta skólaár verður að skipuleggja sérkennsluna á þann hátt sem verið var að þreifa sig áfram með í vetur.

Samstarf við nærsamfélagið gekk vel. Eldri börnin heimsóttu leik- og grunnskóla í hverfinu þau heimsóttu líka bókasafnið í Gerðubergi og heimsóttu söfn og garða víðsvegar í Reykjavík. Samstarf við ÍR var með öðru sniði en önnur ár þar sem það kom kennari á þeirra vegum að kenna íþróttir hér í salnum okkar. Hún var einstaklega lág með hópinn þrátt fyrir að hitta hann aðeins einu sinni í viku. Börnin höfðu þó á orði „hvenær förum við svo í ÍR“ en þeim þykir mjög spennandi að fara í alvöru íþróttahús og æfa með ÍR og hafa horft upp til þess hóps sem hefur gert það.





Síðastliðinn vetur var lögð áhersla á málörvun og skapandi starf. Gefðu 10, Lubbi og Blær voru markvisst notuð á öllum deildum. Hljóm-2 og Efi-2 var lagt fyrir í haust að venju og þátttaka í LÆM (Læsi allra mál) verkefninu er einnig mjög góð. Þessar áherslur gáfust vel og voru starfsmenn virkir í að vinna að árangri í þeim. Þetta verða áfram áhersluatriði komandi vetrar. Skapandi starf jókst á deildum og á komandi vetri stefnum við á að það verði enn betra með listasmiðjustjóra í húsi sem fer á milli deilda og leysir deildarstjóra af til undirbúnings þá daga sem hann tilheyrir hverri deild. Þetta er verkefni í mótun og hlökkum við til að finna okkur betur í því.

Skólaárið 2024-2025 ætlum við í samstarf með leikskólanum Hálsaskógi og grunnskólanum í hverfinu Seljaskóla og fara sameiginlega í átak varðandi málörvun og læsi. Það er að fyrirmynd samstarfi leik og grunnskólans í Fellahverfi hér í Breiðholti og sáum við árangurinn sem þau hafa náð þar og er það til eftirbreytni sem við ætlum að grípa. Málörvun og að auka orðaforða hjá börnum er grunnurinn að öllu námi. Leikurinn er okkar aðal námsleið og höfum við á tilfinningunni að börnin þarfnist fleiri orða og að ná betri tókum á íslenska tungumálinu sínu. Vonandi gefst okkur þetta verkefni jafn vel og í Fellahverfinu.

Tveir nemar í leikskólakennarafræðum frá Háskóla Íslands komu og voru með okkur í sex vikur. Þær voru að vinna með Könnunaraðferðina í mjög skapandi og fræðandi starfi. Þær voru hvor á sinni deildinni og vöktu mikla lukku enda pössuðu verkefni þeirra vel inn í starfið okkar. Við vonum að við fáum fleiri nema á þessu ári og verðum í góðu samstarfi við Háskólasamfélagið áfram.

Á starfsmannafundi, eftir miklar umræður á fundum, var tekin sú ákvörðun að leikskólinn myndi hér eftir vinna í anda Reggio Emilia. Farið verður í þá vinnu að skipuleggja það. Starfsfólk hefur þegar fengið kynningar og fræðslu um slíkt starf og erum við rétt að byrja. Þetta verður okkar leiðarljós í gerðar nýrrar aðalnámskrár sem unnin verður næsta skólaár.

Andinn er góður í Jöklaborg og erum við spennt að takast á við næsta skólaár þar sem við vinnum í anda Reggio Emilia og gerum nýja skólanámskrá með það í huga. Stefnt er á námsferð starfsmanna í nóvember 2024 þar sem við auðgum andann og fræðumst betur um okkar áhersluþætti.

Ásta Kristín Svavarsdóttir

Leikskólastjóri.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvert viljum við stefna?
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundum, deildarfundum og á starfsmannafundum var farið yfir stefnu leikskólans. Og við spurðum okkur að því hvernig við viljum starfa.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Helstu niðurstöður voru þær að starfsfólk þekkti stefnurnar illa og fannst of yfirgrips mikið að kynnst kenningum sjö kennismiða og hvað þá að vera ítrekað að ná að kenna nýju starfsfólki þær. Niðurstaðan varð sú að skólinn hefur ákveðið að fara að vinna formlega í anda Reggio Emilia. Það sem við unnum eftir áður rímar vel við þannig starf. Einnig höfum við allt til alls til að gera það vel. Fyrst og fremst stór hópur barna. Áhugasamt starfsfólk og stóra listasmíðju.</p> <p>Þar sem margt er úr sér gengið í skólanum af vel nýttum húsbúnaði og námsgögnum er komin þörf á endurnýjun af flestu tagi. Þá er gott að vera komin með niðurstöðu í þessu máli sem hefur verið að veltast með okkur í tvö ár. Starfsfólki finnst öryggi í að vita eftir hverju við ætlum að starfa og gott að sjá að hverju verður stefnt sem mun eflaust hafa áhrif á val húsbúnaðar og námsgagna.</p> <p>Foreldraráð tók mjög vel í þetta. Og foreldrar hafa verið duglegir að segja okkur skoðun sína á þessu sem er aðeins jákvæð.</p>





Ytra mat

Hvað var matið?	Viðhorfskönnun starfsmanna
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun sem lögð var fyrir af SFS.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Niðurstöðurnar nýtast til að bæta mannauðsmál í leikskólanum sem og allt starfið í heild. Könnunin kom ágætlega út og vorum við yfir meðalskori á flestum sviðum og bættum okkur í langfestum atriðum. Starfsfólk setti helst út á launakjör, ímynd skólans og sjálfstæði í starfi.</p> <p>Við ætlum að skoða hvað við getum gert betur varðandi ímynd skólans og stór liður í því er að gera foreldra meiri þátttakendur í starfinu og gera starfið sýnilegra meðal annars á samfélagsmiðlum og halda áfram að gera fallegra í kringum okkur.</p> <p>Á sama tíma er starfsfólk stolt og ánægt í starfi á heildina litið.</p> <p>Stjórnendum kom á óvart að starfsfólkið skorti sjálfstæði í starfi og vilja laga það hið snarasta og fara yfir með starfsfólki hverju er ábótavant og hafa markmið skýrari sem og möguleika starfsins. Einhverjir voru ósáttir við kaffiaðstöðu og loftgæði. Það kom stjórnendum einnig á óvart þar sem kaffiaðstaða Jöklaborgar telst nú með þeim allra bestu í leikskólum Reykjavíkur. Alla þessa þætti ætlum við að fara yfir á haustmánuðum 2024. Þeir þættir sem komu best út voru jafnrétti, stjórnun, sveigjanleiki í vinnu og starfsandi. Í Jöklaborg starfar fjölbreyttur hópur þar sem allir njóta jafnræðis óháð aldri, kyni, uppruna, kynhneigð, trúar eða lífsskoðana. Starfsfólk er ánægt með sinn næsta yfirmann og það virðist skýrt hvað ætlast er til af starfsfólki. En það er þó mótsögn við það sem á undan er upp talið um það sem</p>





kom verst út í könnuninni. Starfsfólk er ánægt með sveigjanleikann og á auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Það fær svigrúm þegar á þarf að halda. Enda hefur það sýnt sig að starfsfólk er viljugt að bregðast við ef á þarf að halda þegar mannekla er og ótal skipti sem það hefur komið í veg fyrir að deild hafi verið lokað sem dæmi. Starfsandi hefur vaxið og sagði starfsfólk að fólki komi vel saman, samskipti væru opin og einlæg. Starfsandi venjulega afslappaður og óþvingaður.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni eru aðrir en þeir þættir sem deildir leikskólans eru að meta.

Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	Mannauður
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að styrkja sjálfstæði mannauðsins í skólanum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að láta starfsþróunarsamtöl ganga fyrir. Rýna þarfir starfsfólks og finna leiðir til að styrkja sjálfstæði þeirra í starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa starfsþróunarsamtöl tvisvar á ári svo hægt sé að fylgja eftir því sem þar er rætt og jafnvel ákvarðanir teknar um. Að deildarstjórar fái rými til að taka slík samtöl. Styðja við og leiðbeina í þeim áætlunum og áherslum sem deildir eru að vinna að. Þjóða deildarstjórum upp á deildarstjóranámskeið.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið í seinna starfsþróunarsamtali hvort þau hafi verið gagnleg starfsmanninum. Gera rafræna nafnlausu könnun í byrjun sumars 2025 þar sem spurt er út í þessa þætti aftur.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að niðurstaða í seinna starfsþróunarsamtalinu séu að samtölin hafi verið gagnleg til að styrkja sjálfstæði starfsmannsins. Að niðurstöður úr rafrænu könnuninni sýni fram á að starfsfólki finnist ímynd leikskólans hafa batnað.





Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	Mannauður
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að bæta ímynd leikskólans.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að kynna starf skólans og vera sýnilegri í samfélaginu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Opna síðu á samfélagsmiðlum til að byrja með. Þar yrði sýnt frá leik og starfi í skólanum. Þetta á eftir að taka nánari ákvörðun um og snýst málið um Instagram eða Facebook síðu. Öllum persónuverndarreglum verður fylgt í hvívetna.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September og stefna á að síðan opni í lok árs 2024
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Gera rafræna nafnlausu könnun í byrjun sumars 2025 þar sem spurt er út í þessa þætti aftur. Gera rafræna könnun sem fer til foreldra og spyrja spurninga sem veita svör um þessa þætti frá þeirra hálfu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólki finnist ímynd leikskólans hafi batnað og auki þar með stolt og ánægju starfsmanna.





Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	Ný skólanámskrá
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að endurmeta námskrá leikskólans og bæta inn í hana nýjum kafla um leikinn.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að endurgera námskránna og gera hana aðgengilega. Hún er þegar til fyrirmyndar en barn síns tíma.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Á stjórnarfundum og starfsmannafundum. Taka kafla námskrárinnar fyrir í smærri hópum. Stjórnendur taka hana svo saman í lokin.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Vinnan er þegar hafin. Reiknað er með að við skilum skólanámskránni 1. Janúar 2025. En það er óraunhæft eins og staðan er hjá okkur og finnst okkur líklegt að það tefjist fram á vor að minnsta kosti.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Alla þætti skólanámskrárinnar. Á stjórnarfundum í rýnihópum starfsmannafundum og deildarfundum. Einnig viljum við skoða með hvaða hætti börnin geta komið að gerð námskrárinnar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að í lokin verði tilbúin skólanámskrá sem við erum stolt af.





4 Innra mat Hlíðar 2023-2024



Skapandi starf

Var við hæfi aldurs barnanna á Hlíð. Við unnum í litlum hópum ýmist inni á deild eða í listasmiðju. Kynntumst litum, áferð og lykt. Það er oft mikil áskorun fyrir suma að snerta málningu eða sulla á meðan það er líf og yndi annarra á sama aldri.

Málörvun og orðaforði

Mikið er sungið á Hlíð og einfaldar bækur lesnar og stundum aðeins myndabækur þar sem við bendum á orð og athafnir. Það gerum við einnig í öðrum stundum dagsins við matarborð í fataherbergi í útiveru svo eitthvað sé nefnt.

Félagsfærni

Börnin voru hvött til að prófa sjálf nýja hluti og var þeim hrósað þegar þau gerðu það. Að vera góður og vera vinir var áberandi áhersla hjá okkur. Börnin lærðu að hjálpast að við að taka saman. Leika saman á deild og í salnum og að vera í hóp.



5 Innra mat Hallar 2023-2024



Skapandi starf

Á Höll jókst skapandi starf til muna. Börnin fengu fleiri tækifæri til myndsköpunar og voru efni og áhöld inni á deildinni svo við gætum oftari gripið til þeirra. Við fækkuðum leikföngum á deildinni og skiptum öðru út. Við færðum þau í hæð barnanna og skiptum sumum leikföngum út fyrir opinn efnivið.

Því til viðbótar nýttum við listasmiðjuna þegar við vorum með salinn. (Listasmiðja og salur liggja saman og deildir eiga bæði svæði í einu einn dag í viku). Við stefnum ótrauð áfram í að gera skapandi starf að rauðum þræði í starfinu.

Málörvun og orðaforði

Virk hlustun er áskorun á Höll. Öll börnin eru fædd árið 2021 og allir hafa það mikilvægasta að segja. En við gefum okkur öll í það og þjálfum þau í að hlusta líka.

Við erum að byrja að vinna með Lubba. Lesum að minnsta kosti tvisvar á dag í skipulögðum stundum. Lesið er fyrir öll börnin að lágmarki einu sinni á dag. Ekki aðeins upp úr bók, heldur einnig frá eigin brjósti eins og hver treystir sér til og erum jafnvel með bókabíó. Strax erum við að byrja að þjálfva börnin í framsögn en að koma fram fyrir hóp og segja nafnið sitt eða hvað sem þau vilja er góð byrjun í að koma fram og koma skoðunum sínum á framfæri.

Næsta vetur ætlum við að nota „Gefðu 10“ fyrir þau börn sem þurfa á mikilli málörvun að halda.

Félagsfærni

Við leggjum áherslu á góð samskipti og að ná sambandi við börnin, þarna er virk hlustun lykilatriði. Við viljum jú að öll börn hafi sterka sjálfsmynd og trú á eigin getu. Við hvetjum þau

áfram að prófa eða biðja um aðstoð þegar þau kjósa svo. Hrósum þeim þegar þau sýna viðleitni eða ná árangri eins og við á hverju sinni.



Deild/aldur barna	Hlíð og Höll / Börn fædd 2021-2023
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skapandi starf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fjölga enn frekar stundum til skapandi starfs
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Bæta við meira af opnum efnivið. Hengja oftari verk eftir börnin. Kynna þau fyrir efnum og áhöldum.
Ábyrgð	Deildarstjórar og allir starfsmenn deildanna
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 og lýkur aldrei.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið um áramót og að vori. Á Deildarfundum með samtali. Taka myndir af deild að hausti og aftur um áramót og að vori og bera saman á deildarfundum. Skrá hvað við gerum varðandi skapandi starf. Svo við sjáum hvort við erum föst í sömu efnum og áhöldum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að skráningar um efni og áhöld séu fjölbreytt. Að leikföng séu aðgengileg og meira um opinn efnivið á deildinni.

Deild/aldur barna	Hlíð og Höll / Börn fædd 2021-2023
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka orðaforða og æfa samskipti. Halda áfram að tengja foreldra við verkefni. Vinna Lubba verkefni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa Lubba stundir áfram. Að nýta orðaforða-plakötin sem eru á deildum markvisst þann tíma sem hvert plakat er á deildinni. (A3 plaköt með myndum hvert plakat með þema. T.d. klæðnaður). Grípa þau orð sem þar eru sérstaklega þegar lesið er og í samskiptum í öllum aðstæðum úti og inni. Skráning á þeim orðum sem hópurinn hefur náð tökum á. Hafa plakötin þar sem foreldrar hafa aðgengi að þeim og senda upplýsandi pósta til foreldra um starfið á viku eða hálfsmánaðarfresti.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt árið um kring. Byrjar strax að hausti 2024 og lýkur að vori en þá byrjar nýr hringur með bæði Lubba og plakötin.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum. Yfirfara plakötin. Yfirfara skráningar sem hver starfsmaður skráir hjá sé í stílabók.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin séu fær um að nota orðin í samskiptum samsvarandi aldri þeirra og þroska.





Deild/aldur barna	Hlíð og Höll / Börn fædd 2021-2023
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skipulag og verkaskipting
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allt gangi eins og tannhjól í föstum daglegum verkefnum. Að fólk viti alltaf hvað það á að gera. Að samskipti séu góð og allir aðstoði hvert annað til að ná tökum á þessu. Gefa ábendingar óhrædd og taka því vel ef samstarfsmaður gefur ábendingar um eitthvað.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að útbúa númerakerfi yfir föst verkefni og allir hafi skýra verk- og starfslýsingu yfir þessi verkefni. Starfsmaður sinni ákveðnu númeri í eina viku í senn. Vinni verk undir nýju númeri fyrsta dag hvernar viku og út vikuna.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsmenn deildanna
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar strax og lýkur aldrei.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum. Fara yfir númerakerfið og athuga hvort það er orðið fast í sessi. Bæta það og laga ef einhverjir hnökur koma á það. Að allir sinni öllum númerum jafnt.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allir starfsmenn geti unnið eftir númerunum og gangi það smurt að við nánast finnum ekki fyrir verkaskiptingu fastra verkefna og séum ekki eins upptekin af því.



6 Innra mat Sels 2023-2024



Skapandi starf

Skapandi starf var ríkur þáttur í daglegu lífi á Seli. Efniviður var aðgengilegur til að mynda að litum pappír lími og ýmsu sem til fellur. Þau hafa takmarkaðri aðgang að málningu en þau þurfa að spyrja um hana.

Börnin voru mjög virk í hlutverkaleik og að búa til leikrit á tímabili og smitaðist það yfir í myndsköpun oft á tíðum. Þau teiknuðu það sem þau voru að leika og öfugt. Listasmiðjan var vel nýtt þegar við áttum hana einn dag í viku.

Málörvun og orðaforði

Þétt og mikið var unnið með málörvun og orðaforða á Seli. Plakötin komu sér vel og voru nýtt í öllum aðstæðum sem fólki datt í hug. Börnin sýndu foreldrum sínum plakötin og áttu sér stað samtöl á milli þeirra um það sem þar var að sjá. Okkur fannst foreldrar taka vel undir með okkur. Börnin voru dugleg að koma með bækur í leikskólann og einnig var mikið lesið heima. Það er að segja við fengum meiri innsýn í það þegar við ákváðum að búa til beinafjall fyrir Lubba. Það er að foreldrar skráðu nafn bókar sem lesin var heima á blað sem á var prentað útlínur af beini. Svo settum við þetta upp á vegg. Allar deildir tóku þátt í þessu og söfnuðu öllum „fjöllunum“ saman í eitt risastórt beinafjall inni í sal. Börnin sýndu bókum í kjölfarið meiri áhuga. Við spyrjum út í efni sögunnar og tökum fyrir nokkur orð í hverri sögu.



Félagsfærni

Málörvun hefur haft góð áhrif í að styrkja félagsfærni barnanna. Málið er sterkt verkfæri í félagsfærni. Við nýttum vináttuverkefni Barnaheilla hann Blæ og allar félagsfærnisögurnar sem honum fylgja. Börnunum gekk vel að taka tillit til annarra og sýndi styrk og sjálfstæði að vori. Við fórum tvisvar yfir sögurnar með Blæ að hausti og á vorönn og rifjuðum þær upp þess á milli í daglegu starfi.

7 Innra mat Kots 2023-2024

Skapandi starf

Okkur gekk vel að ná utan um barnahópin síðasta vetur.

Hann var krefjandi. Okkur fannst ganga vel að beita virkri

hlustun til að geta komið á mótis við þarfir barnanna og kenna þeim uppbyggjandi samskipti.

Samskipti barnanna bötnuðu mikið. Börnin urðu sjálfstæðari í skapandi starfi á deildinni þar sem við gerðum efnivið sýnilegri

og í þeirra hæð. Eftir áramót var strax hægt að auka framboð af skapandi efnivið og náðu þau tökum á að umgangast hann. Við reiknum með að endurtaka leikinn næsta ár þar sem við fáum alveg nýjan barnahóp inn til okkar.

Málörvun og orðaforði

Lestrarstundir voru ánægjulegar og börnin nutu þess að láta lesa fyrir sig og taka þátt í umræðum um lesefnið á eftir og eða á meðan lestrinum stóð. Við vorum dugleg að setja orð á athafnir og hluti sem við vorum að fást við. Börnin voru mjög móttækileg og til í umræður og samtöl. Söngur og taktæfingar var stór þáttur í samverustundum hjá okkur.

Félagsfærni

Að gefa öðrum og deila með sér var verkefni sem börnin náðu góðum tökum á á Koti. Þau eru ung og með sterkar skoðanir. Misvel gekk að koma skoðunum sínum frá sér eins og gengur en með aðstoð fer þetta allt saman í góðan farveg og ótrúlega flottur hópur fer frá okkur í vor.





Deild/aldur barna	Kot og Sel / Börn fædd 2021-2020
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skapandi starf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin kynnist ólíkum efnivið
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa fjölbreytt verkefni í boði og val um ólíkan efnivið. Gefa börnum tækifæri og aðstæður til að rannsaka og skynja ólíkan efnivið. Hafa fjölbreyttar áskoranir svo sköpun náí flugi. Spyrja opinna spurninga þar sem svör og lausnir geti verið margar.
Ábyrgð	Deildarstjórar og hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í upphafi skólaárs ágúst 2024. Lýkur aldrei á meðan barnið er í leikskólanum. En áhersla á þekjumálningu, vatnsliti, lím, tréliti vaxliti ásamt ólíkum efnivið til að vinna með til dæmis laufblöð, efnisbútar, trébútar og fleira sem til fellur. Ekki aðeins skapandi starf í listasmiðjunni. Nýta alls kyns efnivið með einingakubbum.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum, í samtali við börnin og með því að hafa auga með því að efniviður sé notaður í skapandi starfi sem er í öllum aðstæðum í skólanum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin þekki ólíkan efnivið prófi og snerti. Nýti skilningarvit sín og rannsaki. Að við getum farið yfir verkefni og séð að þarna var sköpunarferli sem barnið lærði í gegnum. Sem hafði gildi fyrir barnið næsta umhverfi þess og jafnvel samfélagið.





Deild/aldur barna	Kot og Sel / Börn fædd 2021-2020
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka orðaforða. Hlusta á raddir barnanna. Áhersla á góð samskipti í barnahópnum. Að börnin noti orðin sín í samskiptum. Að foreldrar tengist verkefnum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Spyrja opinna spurninga þar sem lausnir og svör geta verið mörg. Hjálpa börnunum að nota orðin sín í samskiptum ef þarf. Nýta plakötin. Hafa þau aðgengileg foreldrum. Senda pósta til foreldra á að minnsta kosti tveggja vikna fresti. Þar sem sagt er frá því sem gert er í vikunum á undan svo börn geti skoðað myndir og farið yfir liðna daga með foreldrum sínum.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildanna
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Strax og er í gangi allan veturinn.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum rýnihópafundum þar sem samskipti barnanna eru skoðuð. Hvort plakötin eru að nýtast og skoða skráningar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin tjái sig ríkulegar í daglegu starfi. Hafi samskipti og geti sagt sínar skoðanir og hlustað á aðra í samræmi við aldur sinn og þroska. Að orðaforði hafi aukist.





8 Innra mat Bóls 2023-2024

Skapandi starf

Skapandi starf var í hávegum haft á Bóli í vetur sem endranær. Könnunaraðferðin var stór hluti af starfinu og una allir sér vel í því. Starfsfólk náði góðum tókum á henni og mörg verkefni voru unnin. Sem dæmi um líkamann, hús, haustið og fleira. Í upphafi hausts lituðum við garn fyrir vefstólana okkar og allir áttu vefstól í sinni skúffu sem þau unnu í á milli verkefna.

Málörvun og orðaforði

Heilmikið var unnið með málörvun og orðaforða. Með könnunaraðferðinni gefst börnum ríkur kostur á að tjá sig og skiptast á skoðunum. Málörvun hefði þó mátt vera markvissari og stefnum við á það næsta haust. Samskiptahæfni er mismikil milli barna og tengist sjálfstjórn barnanna. Mörg þurftu hjálp við að ná að stjórna sér og nota orðin sín. Lubbi var þó í góðum gír og alltaf reglulegar stundir með honum. Fleiri starfsmenn mættu fara á námskeið í Lubba svo við séum öll að ganga betur í takt með það verkefni.

Félagsfærni

Gaman var á Bóli í vetur og margt um að vera. Hópurinn var krefjandi og þurfti mikið að hafa fyrir honum. Nokkuð um árekstra í barnahópnum en með samvinnu við þau og foreldra þá náðum við góðum árangri. Börnunum gekk orðið nokkuð vel að leysa úr flestu sjálf. Þannig að við viljum segja að þarna hafi farið fram mikið nám sem í upphafi óx okkur örlítið í augum en náðum að leiða börnin á réttar brautir. Við þurfum að halda þessu áfram næsta haust. Fimmtudagsfundirnir með börnunum þar sem ræddar eru tilfinningar og líðan með það sem er að gerast í leikskólanum voru miklu færri en lagt var upp með. Á þeim fundum fá allir að segja sína skoðun á málefnum sem þau sjálf koma með. Þau eru spurð til dæmis: Hvað eigum við að ræða á fundinum? Hvað gekk vel í dag? Hvernig gekk í fataherberginu á leiðinni út? Svo dæmi séu tekin. Dæmi um það sem barn kemur með er „mig langar stundum í öðruvísi ávexti“ og svo finnur hópurinn saman hvaða leið þau geta farið til að fá öðruvísi ávexti. Við sannarlega áttum svona samtöl við börnin í samverustundum en viljum koma þessu markvissar á eins og var áður. Þessi samantekt er frá Bóli síðasta skólaár 2023-2024.

Umbótaáætlun sömu deildar er sameiginleg umbótaáætlun Heimabóls og Vinabóls. En búið





er að skipta þeirri deild upp í tvær deildir þar verða 33 börn næsta skólaár og öll börnin fædd sama ár.

Deild/aldur barna	Heimaból og Vinaból / Börn fædd 2019
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skapandi starf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin fari nokkrum sinnum yfir veturinn í gegnum sköpunarferlið sem fylgir hverju verkefni. Séu forvitin skapandi og beiti gagnrýnni hugsun. Öðlist þekkingu frumkvæði og leikni. Kynnist ólíkum efnivið. Að allt starf sé skapandi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hlusta á raddir barnanna. Vinna verkefni sem þau velja og eru innan þeirra áhugasviðs. Kveikja forvitni hjá þeim sem sýna ekki áhuga. Spyrja opinna spurninga og gefa þeim ábyrgð með því að velja hvaða leiðir eru farnar og hvernig framkvæmdar. Hafa yfirsýn yfir að verkefni séu nógu krefjandi og allir hafi alltaf nóg að gera við að sinna verkefnum. Að efniviður sé aðgengilegur börnunum og að þau geti nýtt þau á fjölbreyttan hátt hvort sem það er í myndsköpun eða í byggingaleik. Vinna í smærri hópum. Vinna með Könnunaraðferðina.
Ábyrgð	Deildarstjórar og allir starfsmenn deildanna
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Í upphafi skólaárs 2024 og ljúki þegar þau hætta skólagöngu sinni sumarið 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum og í hópastarfi með börnunum. Fara yfir hvernig gekk og hvaða lærdómur hlaut af.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að það sjáist að börnin hafi farið í gegnum sköpunarferli í vinnu sinni með Könnunaraðferðinni.





Deild/aldur barna	Heimaból og Vinaból / Börn fædd 2019
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun og framsögn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin fái tækifæri til að koma fram og segja frá fyrir framan hóp. Þjálfí þannig framsögn og endursögn og öðlist kjark til að koma fram. Endurvekja Fimmtudagsfundina.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipuleggja stundir þar sem börnin fá að segja frá hvert og eitt. Að eiga samskipti við börnin og orðaforði aukist í öllu starfi og þar kemur Könnunaraðferðin sterk inn. Hafa orðaforða-plakötin sýnileg á deildum. Spyrja opinna spurninga og spyrja út úr sögum sem lesnar eru eða sagðar. Setja Fimmtudagsfundina á dagskrá og passa upp á að þeir falli ekki niður.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allur veturinn.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum og í samverustundum með börnunum. Skoða stöðu barnanna í upphafi vetrar og bera saman við stöðuna um áramót og að vori.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin hafi betra vald á máli sínu og séu örugg að tjá sig í hóp.



Deild/aldur barna	Heimaból og Vinaból / Börn fædd 2019
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Blær. Vináttuverkefni Barnaheilla.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allir starfsmenn verði virkir og þekki verkefnið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að fleiri starfsmenn fari á námskeið hjá Barnaheill í verkefninu svo þeir hafi verkfæri til að vinna með Blæ. Fela þá fleirum ábyrgð á að sinna verkefninu.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2024. Ljúki í desember 2024
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum stjórnarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsmenn hafi lokið námskeiði og geti unnið með Blæ í litlum hópum.





9 Innra mat sérkennslu

Sérkennslan hefur verið mikið starf og erum við enn að ná tökum á Farsældarlögunum og því hlutverki sem sérkennslustjóri hefur þar sem tengiliður. Ráðgjafar frá Suðurmiðstöð hafa verið okkur mjög gagnleg og gott aðgengi að þeim. Lausnateymið okkar er ekki enn komið á þann stað sem við viljum hafa það og er það markmið að það náist næsta skólaár.

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennslustjóri og starfsmaður í fullu starfi sinntu málörvun sem fór fram utan deilda. Einstaklingsnámskrá var gerð fyrir þau börn sem þess þurftu. Börn sem nutu stuðnings voru eins virkir þátttakendur í leikskólastarfinu og hægt var. Virkja má betur starfsfólk deilda til að taka þátt í leik og námi barna sem njóta stuðnings. Skráning: Skráning fór að mestu fram í einstaklingskennslu og í málörvunarhópum.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>AEPS, EFI – 2, HLJÓM-2 og Yfirlit þjálfunarflokka, Íslenski máhljóðamælirinn</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Notað var aðkeypt efni og heimatilbúið. Bækur, ýmiskonar spil og leikföng.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Umbótapáttur	Dreifa sérkennslu meira.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Útfæra betur hvernig þjálfun og kennslu er skipt niður á fleiri aðila þannig að fleiri en einn aðili komi að stuðningi við hvert barn. Að allt starfsfólk líti á börn sem njóta stuðnings sem hluta af börnunum á deildinni og taki þátt í kennslu þeirra og umönnun.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búa til stundaskrá fyrir hvert barn og hvern stuðningsaðila.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri, deildarstjórar og stuðningsaðilar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2024. Verður endurskoðað vorið 2025 eða eftir þörfum.





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Reyna að hafa fundi u.þ.b. 1x í mánuði til að meta hvernig gengur og hvort það þurfi að breyta einhverju. Meta vorið 2025 hvernig vinnan gekk
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að stuðningsaðilar telji að skipulagið hafi gengið upp og hafi skilað sér í betri þjónustu við börnin. Búa til staðal þar sem stuðningsaðilar geta metið árangur.

Umbótaþáttur	Að virkja lausnateymi betur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að gera fundi lausnateymis reglulega og hlutverk deildarstjóra og lausnateymis skýr.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að setja niður reglulega fundi og setja okkur verklagsreglur.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2024 – febrúar 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Mars 2025 Skoða hvort hafi ekki orðið af þessu og tímasetningar funda fastar í sessi.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að fundir hafi verið haldnir reglulega og skipulagðir fram í tímann.




5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagn sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagn fór í laun verkefnastjóra fjölmenningar frá október 2022 til 1.mars 2023. Einnig prentun og plöstudun á plakötum sem við köllum orðaforða-plaköt.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já markvisst er unnið með grunnorðaforða barnanna. Liður í því eru orðaforða-plakötin auk þess sem unnið er sérstaklega með þau börn í málörvunarstundum sem þurfa að sérstaklega að vinna með orðaforða.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Já orðaforða-plakötin okkar hafa reynst virklega vel og eru uppi á öllum deildum. Nýtt plaköt kemur inn á deildir í hverjum mánuði.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Deildarstjórar skrá í hæfnirammaform. Þetta form gefur okkur skýra mynd af því hvar börnin eru stödd í tungumálinu. Í framhaldinu verða settir saman málörvunarhópar. Einnig erum við að vinna með íslenska máhljóðamælinn, EFI-2 og HLJÓM-2
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já í öllum athöfnum barnsins dagsdaglega er hugað að máli og virkri þátttöku. Ef barn er ekki að ná tókum á íslensku eftir vissan tíma er gripið til þeirra skimananna sem við höfum yfir að ráða til að meta hvort þurfi að skoða nánar. Einn starfsmaður í 100% stöðugildi sinnir málörvun þessara barna og hefur mælanlegur árangur á því starfi verið augljós.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Deild/aldur barna	Allur skólinn
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að starfsmenn fái fræðslu um fjölmenningu. Og viti að hverju þarf helst að huga.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk fræðist meira um fjölmenningu. Margt nýtt og ungt starfsfólk er í húsi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með námskeiðum á Torginu eða fá einhvern í hús sem er sérfróður á þessu sviði.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Að fræðsla hafi borist til starfsmanna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk hafi lært meira um fjöltyngi eftir fræðsluna og geti nýtt sér þar sem þar kom fram.





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Stefnt var að því að hafa tvö starfsþróunarsamtöl við hvern starfsmann á skólaárinu. Allir fengu eitt viðtal. Við stefnum aftur á að hafa þau tvö á næsta skólaári í október og í apríl. Deildarfundir eru aðra hverja viku hjá hverri deild og þurfum við að passa upp á að halda þá fundi því við erum of gjörn á að fórnar einhverju í skipulagi og starfi skólans þegar við glímum við mannekle. Þannig að þeir eiga það til að falla niður öðru hvoru. Deildarfundir eru einnig á starfsdögum. Stjórnendateymisfundir sem eru kallaðir stjórnarfundir í Jöklaborg eru einu sinni í viku í klukkutíma í senn. Á þann fund koma stjórnendur skólans Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar. Símenntun fer fram í formi fyrirlestra og námskeiða sem oftast tengist skipulagsdögum. Það sem fram fór á þeim er eftirfarandi:

Undirbúningur fyrir veturinn, starfsmannafundir og deildarvinna.

Sylvía Guðmundsdóttir ACC markþjálfari kom með pepp inn í starfið.

Anna Gréta Guðmundsdóttir kom með fyrirlestur og smíðjur um skapandi starf í anda Reggio Emilia.

Leikskólastjóri var með vinnustofur í að skoða nýjan kafla um Leikinn í aðalnámskrá og undirbúa vinnu nýrrar skólanámskrár leikskólans.

Starfsmannakönnun yfirfarin og rædd.

Kvan kom með hópefli sem var í sal leikskólans.

Menntastefnumótið var sýnt í skjávarpa á kaffistofu skólans. Einnig valdi fólk sér efni og dreifði sér í fleiri rými skólans og þáði rafræna fræðslu. Eftir hádegi voru kynningar í Ölduselsskóla á starfi í hverfinu.

Sérkennslustjóri og Leikskólastjóri hafa verið virkir í lærdómssamfélögum og fóru á ýmsa fyrirlestra þar. Sérkennslustjóri fór í Farsældaskólann tók námskeið í atferlisþjálfun og fleiri námskeið.





7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf þessara aðila er með þessum hefðbundna hætti skólaárið 2024-2025

- September: Skólastjórar hittast á samráðsfundi.
 - Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1.bekkjara grunnskólanna hittast og græða komandi skólaár. Þeir fara yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári.
- Október: Gamli leikskólanemendur koma í heimsókn til okkar frá Seljaskóla.
- Nóvember: heimsóknir elstu barnanna í grunnskólana.
 - Nemendur úr 7.bekk koma og lesa fyrir börnin í leikskólanum á Degi íslenskrar tungu.
- Febrúar: Elstu börnin fara í heimsókn tvö í grunnskólana.
- Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2025-2026.
- Maí: Elstu börnin fara í heimsókn þrjú í grunnskólana.
- Júní: Leikskólinn skilar gögnum varðandi börnin í grunnskólana.
- Frístundaheimilið er heimsótt einu sinni að vori.





8 Foreldrasamvinna

Þátttökuaðlögun gafst mjög vel síðustu tvö árin og er hún komin til að vera. Nýir foreldrar fá aðlögunaráætlun senda áður en þau byrja og er handbók foreldra á lokametrinum sem þau koma til með að fá senda sem er um praktísk atriði sem gott er að vita. Allir foreldrar fá þessa handbók í einu þegar hún er tilbúin. Í framtíðinni munu svo foreldrar fá þetta sent um leið og þau fá aðlögunaráætlun senda þegar barnið þeirra byrjar í leikskólanum. Foreldrar barna í aðlögun fara á fund með leikskólastjóra í hádegi á þriðja degi aðlögunar um skólastarfið. Þar fylla foreldrar einnig út aðlögunar pappíra og skila þeim undirrituðum.

Tölvupóstar til foreldra hafa ekki farið nógu reglulega frá okkur síðasta skólaár og verður bætt úr því. Áætlað er að póstar fari ekki sjaldnar en aðra hverja viku með fréttum úr starfinu.

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári. Að hausti og að vori.

Foreldrum er boðið á ýmsa viðburði í leikskólanum svo sem aðventukaffi, konukaffi og karlakaffi. Foreldrafélagið sér um sumarhátíð þar sem þau kaupa ýmis skemmtiatriði og húllumhæ er mikið þann dag höfum við haft opið hús í leiðinni. Á þessa viðburði er ávallt góð mæting og gleði við völd.

Í Foreldrafélaginu er einn fulltrúi frá hverri deild. Foreldrafélagið kemur að jólaskemmtun, sumarhátíð eins og áður sagði, öskudegi og fleiri viðburðum sem er mismunandi milli ára. Þau skipuleggja einnig sveitaferð fyrir utan opnunartíma leikskólans. Foreldraráð skipa fjórir fulltrúar. Gott samstarf er við alla fulltrúa og hefur verið mikill stuðningur frá þeim í gegnum tíðina og gott samstarf. Þessum tveimur ráðum þökkum við frábært samstarf í vetur.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaársins 2024-2025 verða eftirfarandi

- 13.september Skyndihjálparnámskeið og fræðsla frá talmeinafræðingi um málörvun.
- 21.nóvember námsferð starfsmanna til Brighton
- 22.nóvember námsferð starfsmanna til Brighton (sameiginlegur leik og grunnskólum í Seljahverfi)
- 6.febrúar (Dagur leikskólans ráðstefna fyrir starfsfólk leikskóla)
- 17.mars (sameiginlegur leik og grunnskólum í Seljahverfi)
- 16.maí (sameiginlegur leik og grunnskólum í Seljahverfi)





Nafn skóts: _____

SKÓLAÞÖR

Leikskóladagatal 2024 - 2025

Samband
Íslenskra

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 L	1 Þ	1 F	1 S
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 F	3 L	3 Þ
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ	4 F	4 S	4 M
5 F	5 Þ	5 L	5 S	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F
6 F	6 M	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 S	6 Þ	6 F
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M
12 M	12 Þ	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 Þ	13 Þ	13 F
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 Þ	16 F	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F	17 L	17 Þ
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 Þ	20 Þ	20 F
21 M	21 L	21 M	21 Þ	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S
23 F	23 M	23 L	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M
24 L	24 Þ	24 S	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 F	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 M
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F
27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 F	27 S	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 M	28 L	28 F	28 Þ	28 L	28 F	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S
30 F	30 M	30 L	30 L	30 M	30 F	30 M	30 S	30 M	30 F	30 M
31 L	31 F	31 F	31 F	31 Þ	31 F	31 M	31 M	31 L	31 L	31 M

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólakvæður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allit sumarið eða lokað samféllt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skólafrístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:



10 Fylgiskjöl

Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:

10.2 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





F. h. Leikskólans Jöklaborgar

Ásta Kristín Svavarsdóttir

Leikskólastjóri

4.10.2024

Dagsetning

